



Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: STÆR3DR07L og STÆR4DR08Ó veturinn 2025-2026.

Kennari: Einar Guðfinnsson.

Kennslugögn: Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar og Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar

Bekkir: 6. bekkur Stæ-8.

Lýsing:

Hornafallajöfnur og ójöfnur. Reiknireglur um diffrun. Óeiginleg markgildi, aðfellur, ferilteikningar, hagnýting diffrunar. Logra- og vísisójöfnur. Stofnföll og bogaföll, óákveðin og ákveðin tegur og hagnýting tegurreiknings. Þrepun, runur og raðir. Talningarfræði. Líkindareikningur.

Markmið í yfirferð – birt með fyrirvara

Haustmisseri:

- Vikur 1-2: Hornafallajöfnur og ójöfnur (kafla 3.3 í Stærðfræði handa 4. bekk náttúrufræðibrautar Seinni hluti)
- Vikur 3-4: Reiknireglur um diffrun (Kafli 3.1, kaflar 3.2 og 3.3 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar)
- Vikur 5-6: Óeiginleg markgildi og aðfellur (kafla 4.1 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar)
- Vikur 7-9: Útgildi, hallabil, varpmengi og hagnýting diffrunar (kaflar 4.2-4.3 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vikur 10-13: Logra- og vísisójöfnur. Stofnföll, lograr, óeiginleg markgildi og arkarföll (kafla 5 í Stærðfræði handa 5. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vikur 14-15: Tegrun (kafla 1 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).

Vormisseri:

- Vika 1-2: Ákveðin tegur og flatarmál (kafla 2 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 3-7: Flatarmál, rúmmál snúðs og fleira, þrepun, runur og raðir (kaflar 3 og 4 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 8-11: Talningarfræði (kafla 5 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).
- Vika 12-14: Líkindareikningur (kafla 6 í Stærðfræði handa 6. bekk náttúrufræðibrautar).

Námsmat

Námsmat í þessum áfanga byggist á reglubundnum skriflegum æfingum (um 6 á hvoru misseri), reglubundnum heimadæmum (um 6 á hvoru misseri), frammistöðu nemandans í tímum og vinnubrögðum við heimanám og skriflegum og munnlegum misserisprófum.



Menntaskólinn í Reykjavík

- **Námseinkunnir:**

- Lesin stærðfræði** (stærðfræði I):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á haustmisseri 1/6.
 - Jólapróf 1/6.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í lesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á frammistöðu nemandans í tímum, munnlegri framsetningu stærðfræðinnar og fræðilegri yfirsýn 1/3.

- Ólesin stærðfræði** (stærðfræði II):

- Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á haustmisseri 1/6.
 - Jólapróf 1/6.
 - Meðaltal einkunna úr skriflegum æfingum í ólesinni stærðfræði á vormisseri 1/3.
 - Mat kennara á vinnubrögðum nemandans við heimanám, skriflegri framsetningu stærðfræðinnar og stærðfræðilegu innsæi 1/3.

Námseinkunn er hreint meðaltal úr lesinni og ólesinni stærðfræði.

- **Jólapróf** er tvö 90 mínútna próf og er annað þeirra fræðilegt. Einkunn er hreint meðaltal úr þessum tveimur prófum.
- **Stúdentspróf** að vori er tekið úr öllu námsefni 4., 5. og 6. bekkjar. Fræðilega prófið er munnlegt. Hitt er sex klukkustunda skriflegt próf en er skipt í tvo hluta sem fara fram á tveimur dögum. Er fyrri hluti þess sameiginlegur eðlisfræðideildum I og II. Stúdentsprófseinkun er hreint meðaltal af munnlega prófinu og hinu sex klukkustunda skriflegu prófi.